



8. september 2020.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

## MINNISBLAÐ

### Covid 19, aðgerðaráætlun, mál 2003508

Skólastarf í íslenskum grunnskólum haustið 2020 er á margan, eða flestan, hátt í betri stöðu en í mörgum öðrum þjóðfélögum. Skólastarf hefur farið af stað með nokkuð eðlilegum hætti, þ.e. starfshættir í skólum hafa ekki þarfnast mikillar aðlögunar í haust, miðað við vorið svo dæmi sé tekið. Full kennsla er veitt og öll rými skóla eru nýtt. Matarþjónusta er hefðbundin. En það hafa verið teknar ákveðnar ákvarðanir um breytingar út frá aðstæðum vegna kórónuveirufaraldurs í grunnskólum Hafnarfjarðar við upphaf skólastarfsins í ágúst. Þær aðgerðir munu halda áfram eins lengi og þeirra verður talin þörf. Þær eru m.a.:

- Þrifa hafa verið aukin í grunnskólum, þ.e. núna eru dagleg þrif á öllum kennslurýmum í stað 2x í viku áður (á helst við almennar kennslustofur). Óbreytt með önnur rými, þ.e. sum þrifin alla daga (t.d. gangar, list- og verkgreinastofur) en annað sjaldnar (skrifstofur). Áhersla á persónuleg þrif, þ.e. handþvotti og sprittun auk hreinsunar á áhöldum og tækjum eins og við á hjá hverjum og einum.
- 1 m nálægðarregla gilti um starfsmenn en 2ja metra regla um gesti í skóla. Með breytingum á nálægðarreglu í 1m hjá öllum núna hafa skólar ekki opnað meira á starfsemi sína og aðstöðu eins og er, þ.e. ekki eru haldnir stórir foreldrafundir, skólahúsnaði er ekki lánað til utanaðkomandi aðila og stöðugur aðgangur að handsprittiefnum.
- Settar hafa verið upp fleiri kaffistöður í grunnskólunum þar sem kaffistofur skólanna eru ekki nægilega stórar til að hægt sé að halda 1m nálægðarreglu í heiðri.
- Beðið hefur verið með foreldrakynningar og stóra foreldrafundi uns aðstæður breytast og nýjar koma.
- Námskeiðahald fyrir starfsfólk þvert á skóla fór aðeins í biðstöðu ef um stór námskeið var að

Menntamálayfirvöld hafa gefið út nýjar leiðbeiningar fyrir skóla til vinna eftir núna, þessar fyrir grunnskóla: [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/spurt%20og%20svara%c3%b0\\_grunnsk%c3%b3lar\\_070920.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/spurt%20og%20svara%c3%b0_grunnsk%c3%b3lar_070920.pdf). Þrátt fyrir þær eru óljósir þættir eða illa útskýrðir eða útfærðir. Eitt þeirra er atriði er snýr að sóttkví nemenda sem koma að utan, einir eða með fullorðnum. Þeir fara í sóttkví líkt og foreldrar/aðstandendur.

Þar sem aðstæður geta breyst hratt geta aðgerðir gert það sömuleiðis.

Virðingarfyllst,

  
Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla